



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 5. apríl 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Niels Guðmundsson endurskoðandi sveitarfélagsins og Ólafur Þór Ólafsson verkefnastjóri fjármála sátu fundinn undir 1. dagskrárlið.

Jón Ólafur Sigurjónsson slökkviliðsstjóri sat fundinn undir 7. dagskrárlið.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti stjórnaði fundi. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### 1. Ársreikningur sveitarfélagsins 2022 – fyrri umræða

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarfélagsins vegna 2022 til fyrri umræðu. Niels Guðmundsson endurskoðandi kynnti endurskoðun ársreiknings fyrir A- og B-hluta sveitarfélagsins og fór yfir helstu niðurstöður og lykiltölur. Fram kom að niðurstaða ársreiknings er jákvæð.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa ársreikningi til síðari umræðu.

### 2. Niðurfellingar og afskriftir eldri krafna

Lagður fram niðurskriftarlisti vegna afskrifta og niðurfellinga eldri krafna. Afgreiðsla sveitarstjórnar færð í trúnaðarbók.

### 3. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi og þau verkefni sem framundan eru. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

### 4. Atvinnumál

#### a) Uppbygging á Herring Hotel í húsnæði gömlu sildarverksmiðjunnar á hafnarsvæði

Fyrir fundinum lágu drög að samstarfsyfirlýsingu milli sveitarfélagsins og Fasteignafélagsins Þingeyri um undirbúning að uppbyggingu á hóteli á Skagaströnd sem hefur fengið vinnuheimilið Herring Hotel. Sveitarfélagið hefur látið vinna frumdrög að útliti að hótelinu í húsnæði í eigu sveitarfélagsins að Hafnarlóð 9. Frumdrög voru unnin af Esja Architects og hafa verið kynnt víða m.a. á fjárfestahátíð Norðanáttar á Siglufirði árið 2022. Samkvæmt samstarfsyfirlýsingunni



tekur Fasteignafélagið Þingeyri að sér að útfæra nánar áður fram komnar hugmyndir um hótelið og vinna kostnaðar- og rekstraráætlun vegna verkefnisins ásamt því að vinna í nánú samstarfi við sveitarfélagið að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið. Áætlað er að útfærsla og frumhönnun liggi fyrir 1. júní 2023 og að vinna við deiliskipulag geti hafist í kjölfarið eftir umfjöllun um verkefnið í hafnar- og skipulagsnefnd og sveitarstjórn. Samráð verður haft við hagsmunaaðila á svæðinu á vinnslutíma verkefnisins.

Var sveitarstjóra falið að undirrita framlagða samstarfsyfirlýsingu og vinna áfram að verkefninu í samstarfi við Fasteignafélagið Þingeyri.

#### *b) Dráttarbraut sveitarfélagsins*

Umræður urðu um ástand og framtíð dráttarbrautar á hafnarsvæði sveitarfélagsins. Sveitarstjórn óskar eftir aðkomu hafnar- og skipulagsnefndar að málinu og vísar því til umfjöllunar nefndarinnar.

## **5. Skagastrandarhöfn**

### **a. Viðbragðsáætlun Skagastrandarhafnar**

Fyrir fundinum lá viðbragðsáætlun fyrir Skagastrandarhöfn vegna bráðamengunar innan hafnarsvæðis í samræmi við kröfur þar um skv. 11. gr. reglugerðar nr.1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun til hafs og stranda. Var viðbragðsáætlun lögð fram til kynningar en hún hefur verið send Umhverfisstofnun til samþykktar.

### **b. Samantekt hafnaryfirvalda vegna bráðamengunar**

Fyrir 1. mars ár hvert skulu hafnir skila til Umhverfisstofnunar, með afriti til mengunarvarnarráðs, uppfærðri viðbragðsáætlun og skýrslu sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun til hafs og stranda. Samantektin var lögð fyrir sveitarstjórn til kynningar en hún hefur verið send Umhverfisstofnun til samþykktar.

## **6. Jafnlaunakerfi sveitarfélagsins**

Sveitarstjóri kynnti sveitarstjórn að 13. apríl verði jafnlaunakerfi Skagastrandar tekið út í annað skiptið af vottunarstofunni Versa vottun. Jafnframt er lagt fram til samþykktar; innri úttekt jafnlaunakerfisins, rýni verkefnastjórnar og launagreining byggð á febrúarlaunum 2023. Þá óskaði sveitarstjórn eftir því að gerð yrði samantekt á stöðu jafnréttisfræðslu innan grunnskólans og framtíðaráætlun unnin í samræmi við tilgreinda aðgerð sem er hluti af Jafnréttismarkmiði 1 Ráðning og fræðsla.



## 7. Málafni slökkviliðs

a. Fyrir fundinum lá erindi HMS dags. 17. mars 2023 þar sem óskað er eftir upplýsingum um fyrirhuguð áform sveitarfélagsins varðandi þau atriði er þarfnast úrbóta á starfsemi slökkviliðs en einnig tilgreint að brugðist hafi verið við mörgum frávikum fyrri úttekta. Var sveitarstjóra falið að svara erindi HMS og veita umbeðnar upplýsingar.

b. Fyrir fundinum lágu drög að samstarfssamningi um gagnkvæma aðstoð við Brunavarnir A-Hún sem sveitarstjórn fór yfir og ræddi. Var sveitarstjóra falið að leggja til minniháttar breytingu á samningnum við samningsaðila og leggja fram til samþykktar á næsta fundi sveitarstjórnar.

## 8. Staðfesting samnings um sameiginlegt þjónustusvæði barnaverndar á mið-Norðurlandi

Fyrir fundinum lá samningur um sameiginlega barnaverndarþjónustu á Mið-Norðurlandi til síðari umræðu. Samningurinn er á milli sveitarfélaganna Fjallabyggðar, Húnabyggðar, Húnaþings vestra, Skagabyggðar, Skagafjarðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar og tók hann gildi 1. janúar 2023.

Með samningnum fela framangreind sveitarfélög Skagafirði að annast fyrir sig verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem ekki eru sérstaklega falin öðrum. Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag í umdæminu í skilningi 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og tekur yfir verkefni samkvæmt samningi þessum frá og með 1. janúar 2023.

Fyrri umræða um samninginn fór fram á fundi sveitarstjórnar þann 29. desember 2022.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning samhljóða með fimm atkvæðum og staðfestir undirritun sveitarstjóra.

## 9. Reglur Barnaverndarþjónustu Mið - Norðurlands um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmanskostnaðar sbr. 47.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Fyrir fundinum lágu reglur Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmanskostnaðar sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem sveitarstjórn fór yfir og ræddi.

Var samþykkt reglnanna borin upp til atkvæðagreiðslu og voru þær samþykktar samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



## 10. Sorpmál

Umræður urðu um fyrirhugað sameiginlegt útboð í sorpmálum í samvinnu við Húnaþing vestra og Skagabyggð. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í sameiginlegu útboði en vinna þarf nánari útfærslu á fyrirbyggjandi útboðsgögnum sem sveitarstjóra var falið að vinna og boða til fundar með sveitarstjórn í kjölfarið.

## 11. Bréf

### a. SSNV dags. 15. mars 2023

**Efni:** Tilnefning í stafrænt ráð

Fyrir fundinum lá erindi SSNV þar sem óskað er eftir tilnefningu sveitarfélagsins í stafrænt ráð. Borin var upp tillaga þess efnis að skipa Arnór Tuma Finnsson í ráðið fyrir hönd sveitarfélagsins sem samþykkt var samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

### b. Skotfélagið Markviss dags. 27. mars 2023

**Efni:** Styrkbeiðni

Fyrir fundinum lá styrkbeiðni um fjárstuðning vegna vatnsveitu. Sveitarstjórn ræddi framkomið erindi en telur sér ekki fært að verða við erindinu að sinni.

### c. Þorgrímur Þráinsson dags. 30. mars 2023

**Efni:** Eldhugar

Fyrir fundinum lá bréf frá Þorgrími Þráinssyni þar sem hann kynnir verkefnið Eldhugar. Var það lagt fram til kynningar.

## 11. Fundargerðir

### a. Stjórnar SSNV dags. 9. mars 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

### b. Stjórnar SSNV dags. 15. mars 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

### c. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 17. febrúar 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

### d. Framkvæmdaráðs í málefnum fatlaðs fólks á NV landi dags. 16. mars 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

### e. Framkvæmdaráðs barnaverndar á mið – Norðurlandi dags. 16. mars 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.





**f. Tómstunda- og menningarmálanefnd dags. 16. mars 2023**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**g. Stjórnar Norðurár dags. 16. mars 2023**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**h. Stjórnar Norðurár dags. 21. mars 2023**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**12. Önnur mál**

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:13

Halldór Gunnar Ólafsson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir